



Frá 25 ára afmæli Véls. Héðins í Rvík., 1. nóv. 1947. — Mjög gestkvæmt var í hinum myndarlegu húsakynnum fyrirtækisins síðari hluta dagsins og rausnarlega veitt eins og myndin til vinstri ber með sér. Á myndinni til hægri er forstjórinn Sveinn Guðmundsson, að þakka Sigurjóni Péturssyni fyrir íslenskan borðfána á Hekluhraunsfæti. Margir þjóðkunnir menn þökkðu verksmiðjunni í stuttum ræðum þjóðnytjaframkvæmdir. S. J.

verðu átt við mikla erfiðleika að etja í sambandi við útvegum hráefna. Hefir þó einkum borið tvennt til: gjaldeyrisskortur á venjulegum tímum, og tilhneiging til að kaupa heldur fullunna erlenda vöru, sérstaklega þegar ekki hefir verið um gjaldeyrisskort að ræða, og svo það að aldrei hefir farið fram nein rannsókn á raunverulegri hráefnaþörf iðnaðarins, og hefir honum því alltaf verið skammtað hráefni af handahófi og eftir þeim reglum, sem skapazt hafa af slíkum handahófsaðferðum og þannig orðið að venju.

Þar við hefir svo bætzt að iðnaðarfyrirtækin sjálf hafa að mjög óverulegu leyti, samkvæmt þeirri rannsókn, sem fram hefir farið, fengið tækifæri til að afla þeirra hráefna, sem með þurfti, heldur hafa einhverjir aðrir aðilar, sem enga sérþekkingu höfðu til að bera, hvorki vörufræðilega, né á þörfum iðnaðarins, gegnt því hlutverki (innflutningsfyrirtæki).

Afleiðingarnar hafa og orðið þær, sem vænta mátti. Sem dæmi má nefna, að þær upplýsingar voru látnar fylgja með frá skýrslum sælgætisgerðanna, að sá iðnaður hefði ekki fengið annað til fyllingar í sælgæti í heilt ár, en gráfikjur, sem fyrir ári síðan voru fluttar til landsins af innflutningsfyrirtækjum svo ríkulega, að endast mun landinu á annað til tvö ár. Er af þessu dæmi auðséð hverjar afleiðingar slíkar ráðstafanir hafa fyrir gæði og samkeppnishæfni innlends iðnaðar. Fleira þessu líkt mætti nefna.

6. Almenn vantraust.

Af öllu þessu samanlögðu hefir svo, eins og eðlilegt

er, skapazt með þjóðinni vantraust á innlendum iðnaði.

Við þetta hefir svo bætzt, að fram til þessa hefir ekki verið stefnt að því marki að gera framleiðslukostnaðinn sem minnstan og safna þó hæfilegum ágóða með sem lægstu vöruverði, heldur leitast við að selja framleiðsluvörurnar fyrir sem hæst verð. En þó að vantraustið hafi þannig að nokkru leyti verið réttlæt看legt á ríkjandi ástandi, þá er það þó á hinn bóginn jafn fráleitt og óréttlæt看legt, þegar það verður til þess að hindra iðnaðinn í þeirri viðleitni, að bæta úr göllum, sem á honum eru og á hans valdi væri að ráða við að öðru leyti.

7. Afskipti ríkisvaldsins.

Í þeim atriðum, sem talið hefir verið hér að framan, að hafi staðið iðnaðinum helzt fyrir þrifum, hefir á stöku stað verið vikið lauslega að afskiptum ríkisvaldsins af þeim málum.

Skal því hér til viðbótar litillega vikið að tvennu:

a. Tollar.

Það er mjög útbreidd skoðun að ríkisvaldið geti ekki að skaðlausu leyft mjög mikla aukningu á innflutningi hráefna og tilsvarendi minnkun á innflutningi fullunninna vara, vegna þess að tollatekjur ríkisins minnki svo mjög, að vart verði undir því risið. Þjóðhagslega og hagfræðilega séð, er þessi skoðun sennilega jafn fráleitt og hún er útbreidd. Það mun vart unnt að hugsa sér öllu veigaminni röksemd af hálfu